RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD

STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 12.12.2019	**Kl.: 12:00**	**Staðsetning: Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð**

Aðgerð: Aftakaveður á landinu öllu

Ríkislögreglustjóri lýsti yfir óvissustigi þann 9. desember í samvinnu við alla lögreglustjóra landsins. Lýst var yfir hættustigi á Ströndum, Norðurlandi-vestra og Norðurlandi-eystra þann 10. desember

Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð var virkjuð þann 10. desember klukkan 11:00. Samhæfing aðgerða á landsvísu fer fram í Samhæfingarstöðinni

Samantekt

- **Veður – aftakaveður um land allt**
- **Vegakerfi – lokun vega víðtæk**
- **Raforkukerfi – truflanir á raforkudreifingu víða um land**
- **Varaafl – skortur á varaflsstöðvum**
- **Hitaveita – hitun húsa á landsbyggðinni víða ótrygg**
- **Fjarskiptakerfi – truflanir á símasambandi og tetrakerfi víða á landinu v/rafmagnsleysis**
- **Björgunarsveitir – Fjöldi verkefna um allt land**
- **Neyðarlínan – mikið álag á Neyðarlínuna**
- **Rauði krossinn – opnun fjöldahjálpastöðva**
- **Flugsamgöngur – truflun á flugsamgöngum**
- **Landhelgisgæslan – flutningur bjarga á milli svæða**
- **Erlend aðstoð – danski herinn býður fram aðstoð**
- **Heilbrigðisstofnanir – hafa verið mannaðar og ekki komið til rofs á þjónustu**
- **Aðföng - með opnun vega munu aðföng berast**
- **Eignatjón – foktjón víða**
- **Enduruppbygging – mikið starf fyrir höndum næstu vikur og mánuði**

Staða mála

Veður

Frá þriðjudagsmorgni til miðvikudagskvölds, 10. til 11. desember 2019 geisaði aftakaveður á landinu. Veðrið tók að versna með norðurströndinni og á norðvestanverðu landinu snemma á þriðjudag, bæði óx vindur mjög hratt og eins var mjög mikil ofankoma á svæðinu. Hitastig var nálægt frostmarki við ströndina nær allan þriðjudaginn sem olli mjög víðtækri ísingu á raflínur á öllu norðanverðu landinu. Vindhraði var viðvarandi yfir 25 m/s á landinu, og fór yfir 30 m/s á fjölmörgum veðurstöðvum bæði vestan- og norðanlands. Veður fór að skána vestantil aðfaranótt miðvikudags en austantil versnaði veður til muna á miðvikudagsmorgun.

Fyrstu viðvaranir voru gefnar út á sunnudag, 8. desember en mánudaginn 9. desember var viðvörunarstig á Ströndum og Norðurlandi vestra hækkað í rautt. Þriðjudaginn 10. desember var viðvörunarstig á Norðurlandi eystra hækkað í rautt. Rauðar viðvaranir vegna veðurs voru þarna gefnar út í fyrsta sinn síðan litakóðað viðvörunarkerfi

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD

Veðurstofunnar var tekið upp 1. nóvember 2017. Rauðar viðvaranir lýsa hættulegum veðrum sem hafa mjög mikil samfélagsleg áhrif og eru slík veður sjaldgæf, en miðað við frumgreiningu á veðurhæð má búast við svona vindstyrk á Norðurlandi á tíu ára fresti.

Næstu daga er kólnandi veður á landinu. Í kvöld má búast við 5 til 12 stiga frosti í byggð, en lægri hitatölum til fjalla. Á morgun er útlit fyrir að frost verði 4 til 15 stig yfir daginn, en allt að 20 stiga frost í innsveitum norðan og austanlands aðfaranótt laugardags. Áfram er svo útlit fyrir hita talsvert undir frostmarki, þó líklega minnki frostið smám saman. Lítilli úrkomu er spáð fram á laugardag, en þá er útlit fyrir éljaloft og skafrenning á Norðurlandi en spárnar í dag gefa til kynna norðaustan 10-18 m/s og talsverða snjókomu á öllu norðanverðu landinu á mánudag.

Vegakerfi/samgöngur

Vegir í byggð á Suðvesturlandi eru flestir færir en víða hálka. Á Vesturlandi er víðast vetrarfærð en Haukadalsvegur er ófær. Á Vestfjarðakjálkanum er vegurinn um Klettsháls, Dynjandisheiði og Hrafnseyrarheiði ófær. Ófært er út með Patreksfirði sunnanverðum og ófært er frá Steingrímsfirði norður í Norðurfjörð.

Í Húnavatnssýslum er fært frá Holtavörðuheiði á Blönduós og út á Skagaströnd. Vegur um Þverárfjall er ófær og þungfært um Vatnsskarð. Útvegir/sveitavegir eru flestir ófærir. Í Skagafirði er ófært frá Hofsósi til Siglufjarðar og Siglufjarðarvegur lokaður frá Fljótum. Ófært er frá Varmahlíð inneftir. Á Norðurlandi eystra er Öxnadalsheiði lokuð ásamt veginum um Ólafsfjarðarmúla. Víkurskarð er lokað og vegir um Dalsmynni, Fnjóskadal og Ljósavatnsskarð eru ófærir. Unnið er að mokstri í Ljósavatnsskarði. Vegir í Bárðardal, Reykjahverfi og um Hólasand eru ófærir. Fært er fyrir Tjörnes og austur um til Vopnafjarðar.

Á Austurlandi frá Vopnafirði er fært eftir aðalleiðum suður til Hornafjarðar en vetrarfærð víðast. Á Suðurlandi eru flestir vegir færir en þar er vetrarfærð. Vegur um Lyngdalsheiði er lokaður.

Raforkukerfi

Norðurland-eystra: Svæði án rafmagns síðan á þriðjudag eru Tjörnes og Kelduhverfi í skömmtun. Öxarfjörður norðan við Lund að Þverá án rafmagns síðan um hádegi á þriðjudag. Verið er að vinna að tengingu rafmagns á flesta þéttbýlisstaði.

Rafmagnslaust og truflanir mjög víða snemma morguns 12. des. Rafmagnslaust á Siglufirði, Ólafsfirði, Dalvík, Svarfaðardal, Skíðadal, Hörgárdal og víðar og truflanir víða annastaðar. Þá er rafmagn framleitt með varaafli á stöðum austan Húsavíkur. Rafmagnslaust er í Aðaldal, Bárðardal, Reykjadal Laugum og nágrenni vegna rekstrarvandamála í Laxárvirkjun.

Ekki er von á rafmagni á þessa staði að þessu sinni og það er mjög slæmt meðal annars á sveitabæjunum vegna rafmagns til að nota við mjaltir. Mikilvægt er að útvega rafstöðvar og rafvirkja svo koma megi í veg fyrir frekara tjón á sveitabæjum.

Fjarskiptakerfi

Tetrakerfi viðbragðsaðila er að færast í eðlilegt form og verður að öllum líkindum komið í lag síðar í dag. Mikilvægir sendar á Norðurlandi eru orðnir virkir á ný.

Ákveðið var að opna á reikiaðgang fyrir GSM á þeim stöðum þar sem vandamál hafa verið svo sem á Siglufirði, Ólafsfirði, Dalvík og á Skagaströnd. Í framhaldi verður metið hvort ástæða sé til að opna reikiaðgang á fleiri stöðum.

Fjarskiptasamband er virkt á öllum öðrum þéttbýlisstöðum en sambandslaust víða í dreifbýli vegna rafmagnsleysis, þar sem varaafl hefur þrotið.

Síminn/Nova/Vodafone

Í fjarskiptakerfum Símans hafa ekki komið upp neinar bilanir sem má rekja til óveðursins sem geysaði á landinu 10.-11. desember. Allar rekstartruflanir í kerfum Símans má með einum eða örðum hætti rekja til rafmagnsleysis.

Almennt er að á farsímasendistöðum er varaafl tengt búnaði með 4-6 klst. rofþol. Í þéttbýli, þar sem farsímasendar eru í sama húsnæði og símstöðar er varaafl í 11-30 klst. algegnt og allt upp í 60 klst. Á nokkrum stöðum eru vararafstöðvar (díselvélar). Netsamband var víða stopult þar sem rafmagnslaust er, þar sem götuskápar sem tengja almenna notendur við netbúnað eru ekki á varaafli. Enginn miðlægur búnaður í kerfum Símans varð rafmagnslaus og engar bilanir hafa komið upp. Margir farsímasendar í farsímasendakerfi Símans óvirkir vegna rafmagnsleysis. Rafmagn er aftur farið af á Siglufirði. Sendar úti á Vestfjörðum, Norðurlandi (frá Hrútafirði austur að Melrekkasléttu) og Austurlandi. Flestir sendar utan Skagastrandar munu fara í loftið þegar rafmagn kemur á. Verið að vinna í Skagaströnd en þar fauk mastrið um koll og unnið er að viðgerðum. Mikilvægar tengistöðvar eru smám saman að komast í gagnið svo sem tengistöðin á Skollahnúki sem er kominn í gagnið.

Míla

9 sendar eru úti. 11 sendar eru keyrðir á varaafli. 15 staðir eru á rafstöð. 16 staðir eru á netspennu, þ.e. hafa rafmagn frá dreifikerfi. Rafmagnsleysi er enn á Norðurlandi og eru götuskápar sambandslausir á Siglufirði, Dalvík, Ólafsfirði og Raufarhöfn. Annar hópur tæknimanna Mílu er að leggja af stað norður í dag með búnað til að bregðast við þeim bilunum sem geta komið upp þegar rafmagni er hleypt á, auk þess var tekið fleiri rafstöðvar til að tengja við tækjabúnað Mílu. Skömmtun er á rafmagni á Norðausturlandi.

Björgunarsveitir

Í heildina til hafa um 800 björgunarsveitarmenn verið við störf undanfarna daga. Þar af hafa 224 komið að leit að ungum dreng í Sölvadal. Bjargir hafa verið sóttar frá nærliggjandi svæðum auk liðsauka frá Suðvestur-horninu og Vesturlandi. Um 80 björgunarsveitarmenn hafa verið við störf í Húnavatnssýslu og 75 í Skagafirði. Um 223 björgunarsveitarmenn hafa sinnt óveðurs- og ófærðarverkefnum á Norðurlandi-Eystra og víðar. Björgunarsveitir hafa leyst vel yfir 1000 verkefni og aðstoðarbeiðnir á landsvísu. Áður en óveðrið skall á sendi Slysavarnafélagið Landsbjörg öfluga snjóbíla á lykilstaði á Norð-Vesturland og Ströndum til að vera nær líklegum skaðasvæðum.

Neyðarlínan

Neyðarlínan hefur sinnt fjölda símtala. Þann 10.12 komu yfir 750 símtöl inn til Neyðarlínunnar og þann 11.12. komu yfir 680 símtöl sem er tæplega 40% yfir meðaltali.

Rauði krossinn

Fjöldahjálparstöðvar voru opnaðar víða um land vegna óveðursins m.a. á Borg í Grímsnesi ,Selfossi, Hvammstanga (þeim hefur verið lokuð). Enn eru opnar fjöldahjálparstöðvar á Dalvík og á Akureyri. Formleg beiðni hefur borist um að opna fjöldahjálparstöðvar á Ólafsfirði og Siglufirði. Búist er við miklum kulda á landinu næstu daga. Rafmagnslaust er víða fyrir norðan og hús eru farin að kólna. Neyðarvarnarkerra Rauða krossins með búnað er á Dalvík, hugsanlega þarf einnig kerruna sem er á Laugum. Sjálfboðaliðar Rauða krossins gengu í hús á Siglufirði. Hugmynd um að opna fjöldahjálparstöð á Siglufirði, beðið eftir ósk þar um.

Flugsamgöngur

Almennt rask á flugi. Í kjölfar slæmrar veðurspár virkjaðist innra viðbragðskerfi Isavia vegna flugs. Veður:aðgerðastjórn á Keflavíkurflugvelli fundaði og Neyðarstjórn Isavia kom saman. Fljótt varð ljóst að veðrið mundi hafa mikil áhrif á flug. Markmiðið varð því að tryggja öryggi og endurheimt starfsemi eins fljótt og hægt er. Ekkert var flogið innanlands 10 desember eftir 08:50. Flug til og frá KEF var aflýst frá 13:10. Um 6600 millilanda farþegar urðu fyrir áhrifum af óveðrinu. Miklu skipti að Reykjanesbrautin lokaði ekki og komust allir farþegar í gistingu. Mikil röskun á innanlandsflugi þann 11. desember. Flogið á Bíldudal annað innanlandsflug lá niðri. Tafir voru í millilandaflugi um

morguninn en starfsemin gekk að öðru leyti vel. Allt flug frá KEF komst á áætlun eftir hádegið. Mest allt flug er á áætlun innanlands sem og millilandaflug. Eitthvert tjón hefur orðið á fjarskiptabúnaði Isavia, varaleiðir eru virkjar og hafði það ekki áhrif á flug.

Landhelgisgæslan

Um leið og lýst var yfir óvissustigi var LHG/varðskipið Þór í viðbragðsstöðu við Vestfirði. Þegar ljóst var að varafl vantaði á Norðurlandi. Varðskipið Þór er nú á leið til Dalvíkur frá Siglufirði þar sem rafstöðvar voru látnar í land vegna rafmagnsleysis. Á Dalvík verður varðskipið Þór nýtt sem rafstöð fyrir bæinn. Mikil vandræði eru að verða vegna bensínleysis.

Erlend aðstoð

Danski herinn hefur boðið fram aðstoð, C130 (Herkúles) flutningaflugvél. Hún hefur mikla flutningsgetu og mun gagnast í flutningi mannafla og tækja á milli landshluta.

Heilbrigðisstofnanir

Heilbrigðisstarfsmenn hafa staðið vaktina og heilbrigðiskerfið sýnt að það er megnugt að takast á við hamfarir sem þessar. Björgunarsveitir hafa liðsinnt heilbrigðisstarfsmönnum. Hlutverk þeirra hefur m.a. falist í að flytja aðföng og fólk á milli staða.

Eignatjón

Eignatjón er erfitt að meta á þessari stundu en ljóst er að það hleypur á hundruðum milljóna; sérstaklega í raforku og fjarskiptakerfinu. Aftakaveðrinu hefur fylgt mikið foktjón.

Dæmi um tjón: Í Vestmannaeyjum: Hjá fiskimjölsverksmiðjunni FES hjá Ísfélagi Vestmannaeyja er áætlað tjón um 30 milljónir. Hjá Vinnslustöðinni er áætlað tjón 40 milljónir. Hjá Godthaab, er tjón áætlað um 15 milljónir og hjá Eyjablikki um 1 milljón. Um 70 fasteignir urðu fyrir foktjóni en ekki er vitað um tjónafjárhæð. Auk annars tjóns og óbeins kostnaðar sem óhjákvæmilega fylgir.

Náttúruhamfaratrygging Íslands greiðir tjón sem verður á fasteignum, innbúi og lausafé vegna sjávarflóða. Óverulegt tjón enn sem komið er v/sjávarflóða. Einungis hafa borist tilkynningar um sjávarflóð í Straumsvík, á Bakkafirði, á Borgarfirði eystra og Raufarhöfn.

Enduruppbygging

Aðgerðir viðbragðsaðila hafa gengið vel. Almenningur reyndist vel undirbúinn og fór að tilmælum viðbragðsaðila og yfirvalda.

Enn eru viðbragðsaðilar að störfum og verða næstu daga, sérstaklega á Norðurlandi, verkefni þeirra snúa að enduruppbyggingu samfélaga og íbúa þeirra. Verið er að huga að íbúum á þeim svæðum þar sem húsahitun er ábótavant og tryggja öryggi, líf og heilsu íbúa. Ástand er víða slæmt á sveitabæjum vegna rafmagns- og sambandsleysis. Hætta er á að mikill skaði verði ef ekki er brugðist við skjótt. (sjálfvirkir þjarkar sjá um mjaltir, fóðurgjöf, mokstur og annað sem háð er rafmagni)

Mikilvægt er á ná til bæja í strjálbýli sérstaklega þar sem rafmagnslaust hefur verið. Gera verður ráð fyrir að flytja þurfi fólk frá rafmagnslausum stöðum vegna kólnandi veðurs.

Gera verður ráðstafanir svo opna megi fleiri fjöldahjálpastöðvar ef nauðsyn krefur, bæta við vélakost rafstöðva. Mikið álag er á viðbragðsaðilum og huga þarf að auknum mannskap svo tryggja megi hvíld og samfellu í störfum viðbragðsaðila.